



Kennsluáætlun fyrir skólaárið 2025 - 2026

Námsgrein: Náttúrufræði

Árgangur: 5.-7. bekkur

Kennari: Erla Þórey Ólafsdóttir

Netfang: erla@klaustur.is

Almennt um kennsluna

Nemendur á miðstigi fá 1 kennslustundir á viku í náttúrufræði

Námsaðlögun:

Í öllum tilvikum þar sem nemendur eru með sértæka námsörðugleika er sett upp einstaklingsnámskrá. Ef um vægari frávik er að ræða er kappkostað að leggja nemendum til bjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir, s.s. að nýta upplýsingatækni í meira mæli og val á námsefni / námsgögnum þjóni sem best einstaklingsmiðuðu námi.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið fyrir náttúrufræði eru sett fram í sex flokkum.

Vinnulag náttúruvísinda

Umhverfið

Lífið

Efni

Orkan

Alheimurinn

Skipulag kennslunnar:

Á miðstigi er kennt náttúrufræði einn tíma í viku. Námið byggir á námsefni *Náttúrulega 2*, þar sem nemendur fá tækifæri til að kanna og skilja náttúruna í kringum sig. Í kennslunni er lögð áhersla á að tengja fræði og reynslu, þannig að nemendur læri ekki aðeins úr bókum heldur

einnig með umræðum, tilraunum og verkefnum. Viðfangsefnin eru fjölbreytt: plöntur, sveppir og þörungar, mannslíkaminn, kraftar og frumefni. Markmiðið er að efla forvitni nemenda, þekkingu þeirra á náttúrulegum fyrirbærum og skilning á tengslum manns og náttúru.

Námsgögn

· Náttúrulega 2

Náttúrulega 2 verkefnabók

-Verkefni frá kennara

Námsmat

Þekking, leikni og hæfni eru metin á fjölbreyttan hátt og í samræmi við kennsluhætti jafnt og þétt yfir skólaárið á hæfnikorti nemenda sem aðgengilegt er nemendum og foreldrum í mentor. Verkefna og virkni í tímum verða metin. Lögð verður áherslu á leiðsagnarmat sem byggist á því að nemendur velti reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum, til að nálgast eigin markmið og ákveða hvert skal stefna.

Kennsluskipulag: með fyrirvara um breytingar

Tímabil	Efnispáttur	Námsefni	Tenging við hæfniviðmið
ágúst	Kynning á námsefni	Efni frá kennara	
September/ október/nóv ember	Lífverur vaxa víða - Lífsferill plöntunnar - Sveppir og fléttur - Þang og þari - Íslensk náttúru	Náttúrulega 2 Náttúrulega 2 verkefnabók	beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúruvísindum við athuganir, í umræðu og textaskrifum, framkvæmt, skráð og safnað upplýsingum út frá einföldum athugunum og mælingum úti og inni samkvæmt fyrirmælum, lýst samspili lífvera og lífvana þátta, sagt frá hvernig plöntur nýta ljóstillífun til að afla næringar,

			sagt frá rotverum og hvernig sveppir afla næringar,
Nóvember/desember/janúar	Hvað finnur líkaminn þinn? - Taugakerfi - Melting, lykt, bragð - Heilbrigði, hormón og hreinsikerfi - Hljóð, bylgjur og eyru	Náttúrulega 2 Náttúrulega 2-verkefnabók	beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúruvísindum við athuganir, í umræðu og textaskrifum, lýst helstu líffærakerfum mannslíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum, rætt hvernig einstaklingur getur stuðlað að líkamlegu og andlegu heilbrigði.
Janúar/febrúar/mars	Heimur vísindanna - Kraftar - Magn, massi og mælingar	Náttúrulega 2 Náttúrulega 2-verkefnabók	þekkt og fjallað um hreyfingu og einfaldar tegundir krafta áttað sig á muninum á massa og rúmmáli og helstu mælieiningum þessara eiginleika. framkvæmt, skráð og safnað upplýsingum út frá einföldum athugunum og mælingum úti og inni samkvæmt fyrirmælum,
Mars/apríl/mái	Sjór, vatn, frumefni - Hafið - Ferskvatn - Efnafræði	Náttúrulega 2 Náttúrulega 2-verkefnabók	útskýrt að allt er búið til úr frumeindum og sameindum, notað algeng efnatákn í umfjöllun um lotukerfið og efni í umhverfi sínu, þekkt muninn á sýru og basa